



Lýsing á deiliskipulagi - Hrunalaug í Áslandi



Gunnar Óli Guðjónsson - Landslagsarkitekt FÍLA



Lýsing á deiliskipulagstillögu sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir landspilduna Hrunalaug sem er hluti af Áslandi landnúmer 166710. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Bláskógabyggðar um uppbyggingu á landbúnaðarjörðum.

Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Hrunalaug hefur á síðastliðnum árum farið frá því að vera lítil og óþekkt náttúruleg yfir í að vera einn sú vinsælasta á Íslandi. Fjöldi fólks leggur leið sína á svæðið til að njóta þess að baða sig í gamaldags náttúrulegum umvafið fallegu umhverfi. Ágangur gesta hefur aukist það mikið að svæðið hefur legið undir skemmdum í þónokkur ár. Töluverð uppbygging hefur farið fram á síðustu árum til að vernda svæðið og tryggja öryggi gesta þess.

Meginmarkmið fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu er að tryggja að svæðið geti með öruggum hætti tekið á móti þeim fjölda gesta sem leggja leið sína um svæðið, án þess að minjar og náttúra þess verði fyrir skemmdum vegna ágangs. Skipulagið tryggir aðstöðu fyrir staðarhaldara til að taka á móti gestum og sinna eftirliti og umsjón svæðisins. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp lítið þjónustuhús til að þjónusta móttöku gesta við Hrunalaug.



staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis á loftmynd.

Umhverfi og staðhættir

Landið sem deiliskipulagið tekur til er 5.5 ha og er í einkaeigu.

Svæðið afmarkast af Sólheimavegi í vestri og Laugarási í austri. Tvö holt, Kaldarlækjarholt og Laugarholt standa upp úr grónu mólendi sem er klofið af Kaldalæk sem liggur í gegnum landið. Á spildunni er að finna náttúrulegna Hrunalaug, sem er orðinn gríðarlega vinsæll ferðamannastaður. Laugin og umhverfi hennar nýtur hverfisverndar vegna fornminja.

Aðkoma að svæðinu er frá Sólheimavegi, en við hann hefur verið lagt bílaplan sem stendur til að stækka samkvæmt framlagðri skipulagstillögu.

Töluverð uppbygging hefur verið í kringum Hrunalaug undanfarin ár, bæði í viðhaldi og viðgerðum á minjum sem og innviðauppbýggingu til að vernda svæðið fyrir auknum ágangi ferðamanna. Unnið hefur verið við gerð göngustígs frá bílaplani og plan við laugina lagt með náttúruhellum. Leitast hefur verið við að öll uppbygging á svæðinu falli vel að landslagi og að lagt upp með að allar framkvæmdir séu á þann hátt að þær viðhaldi náttúrulegu og sögulegu heildaryfirbragði svæðisins.

Minjar

Ekki eru skráðar náttúruminjar á svæðinu.

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráningu á svæðinu sem kom út árið 2016.

Hrunalaug og umhverfi hennar er friðlýst sem fornminjar. Á svæðinu er einnig að finna, garðlag og beitarhús sem njóta verndar með 15 metra helgunarsvæði.


Lögum samkvæmt skal fara fram könnun fornleifafræðings sem veitir umsögn um skipulagið áður en það öðlast gildi. Jafnframt er vakin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um ábyrgð framkvæmdaaðila og landeigenda við fund á áður óþekktum fornleifum.

Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Deiliskipulagssvæðið sem um ræðir er í aðalskipulagi Hrunamannahrepps skilgreint sem landbúnaðarland og skal uppbygging á svæðinu miðast af gildandi aðalskipulagi.

Tilgreind er í aðalskipulagi að: *heimilt er á landi í ábúð, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smíðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 1.000 m².*

Hrunalaug er nefnd sem einn af áherslustöðum á Suðurlandi í Áfangastaðaáætlun Suðurlands.



Hluti aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Deiliskipulag

Notast verður við núverandi vegslóða sem liggur innan skipulagssvæðis sem þjónustuveg að lauginni með takmörkuðu aðgengi.


Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu og salernishús.

Stærð hvorra húsa má vera allt að 150m² hámarks mænishæð er 3m frá gólfplötu.+

Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaðstöðu fyrir lagina að hámarki 50m². Það mannvirki skal bæði falla inn í landslagið og hafa samsvarandi útlit og Hrunalaug til að viðhalda heildaryfirbragði staðarins.

Í tillögunni verður tekið fram mikilvægi þess að vernda og viðhalda núverandi minjum í samstarfi við Minjastofnun til að tryggja varðveislugildi þeirra.

Gæta skal þess að öll mannvirki falli sem best að aðliggjandi umhverfi og að staðbundið rask á framkvæmdatíma sé lágmarkað sem kostur er og tryggt að allt rask á staðargróðri sé endurheimt að framkvæmdum loknum.



tillaga að deiliskipulagi umhverfis Hrunalaug

Umsagnaraðilar

Leitað verður umsagna og ábendinga aðila á skipulagsgögnum, sem eru m.a. eftirfarandi: Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Veðurstofa Íslands og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Skipulagsferli, kynning og samráð

Tillaga að deiliskipulagi mun hún verða auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga auk þess sem hún verður kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Drög að skipulagsferlinu er eftirfarandi, með fyrirvara um breytingar:

Skipulagslýsing verður lögð fyrir skipulagsnefnd í mars 2023 og eftir það verður tillagan tekin til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Apríl: tillaga að deiliskipulagi tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd og kynnt almenningi og lögð fyrir sveitarstjórn.

Mái: tillaga að deiliskipulagi samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnaraðila. Gefinn er sex vikna frestur til að skila inn athugasemdum.

Júní/júlí: tillaga afgreidd í sveitarstjórn að lokinni umfjöllun skipulagsnefndar, með breytingum sem taka tillit til innsendra athugasemda ef við á, og send til Skipulagsstofnunar.

Ágúst: Skipulag tekur gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.